

Fundur stýrihóps fagráðs um starfsþróun kennara 11. febrúar 2014.

Fundurinn haldinn í menntamálaráðuneyti og í Háskólanum á Akureyri með fjarfundabúnaði.
Mætt: Björg Bjarnadóttir, Sigurjón Mýrdal, Svanhildur Ólafsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Jón Torfi Jónasson, Gunnar Gíslason og Trausti Þorsteinsson.

Dagskrá fundar.

- 1) Ráðning starfsmanns
- 2) Norræn ráðstefna 12.–14. ágúst
- 3) Starfsáætlun – Greining á fjármögnun starfsþróunar kennara
- 4) Önnur mál

Sigurjón setti fund og kynnti dagskrá. Óskaði hann eftir í upphafi fundar að fá að breyta röðun dagskrárliða í boðaðri dagskrá og taka fyrst til umræðu lið tvö á dagskrá. Var það samþykkt

2) Norræn ráðstefna 12.–14. ágúst 2014.

Sigurjón greindi frá undirbúningi ráðstefnunnar og því sem gerst hafði frá síðasta fundi stýrihóps. Þrír aðalfyrirlesarar væru búnir að gefa jákvætt svar um þátttöku en þeir eru dr. Andy Hargreaves, dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir og dr. Pasi Sahlberg. Að öðru leyti er dagskrá ráðstefnunnar eftirfarandi:

"Future teachers"

Ráðstefna norrænna kennara 13.-14. ágúst 2014

Þriðjudagur 12. ágúst

17:00-19:00 Móttaka á vegum ?.

Miðvikudagur 13. ágúst

9:30–9:50 Skráning á ráðstefnuna.

Tónlistaratriði

9:50-10:00 Setning ráðstefnunnar.

Mennta- og menningarmálaráðherra Illugi Gunnarsson

10:00-11:00 **Dr. Andy Hargreaves** – *Professional Capital in teaching. How to build it, invest in it and circulate it*

Sp & sv.

11:00-11:15 Kaffihlé

11:15-12:00 Málstofur (sjö málstofur)

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda

12:00-13:00 Matarhlé

13:00-14:00 **Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir** – *Passion and Purpose: Opportunities and Challenges in Education for Democratic Citizenship*

Sp.& sv.

14:00-14:30 Kynning á vinnustofum utanhúss og heimsóknum í skóla næsta dags.

14:30-15:15 Málstofur (sjö málstofur)

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda

18:30 Hátíðarkvöldverður

Fimmtudagur 14. ágúst

9:00-11:30 Vinnustofur (leik-, grunn-, framhalds-, og tónlistarskólar)

| | |
|-------------|---|
| 11:30-13:00 | Matarhlé |
| 13:00-14:00 | Dr. Pasi Sahlberg – <i>True Facts and Tales about Teachers and Teaching: A Nordic Point of View.</i> Sp.& sv. |
| 14:00-14:45 | Málstofur (sjö málstofur) Starfsþróun kennara og skólastjórnenda |
| 14:45-15:45 | Samantekt úr málstofum (panell). Málstofustjórar í panel ásamt aðalfyrirlesurum "Future teachers" |
| 15:45-16:00 | Ráðstefnuslit |

Í samstarfi við Gestamóttökuna hefur verið unnið að gerð heimasíðu fyrir ráðstefnuna og kvað Sigurjón mest allt efni komið og síðan yrði opnuð næsta dag. Hann kvaðst vildu fá umræðu um vinnulag á málstofum og vinnustofum á ráðstefnunni. Ákveðið var að leita eftir því við aðalfyrirlesara að þeir legðu fram tvær eða þrjár spurningar til umræðu í málstofum eftir hvert erindi. Valdir yrðu málstofustjórar til að stýra umræðum og taka saman niðurstöður. Þeir myndu jafnframt sitja í palli þar sem þeir gerðu grein fyrir umræðum hópanna og taka þátt í umræðum og fyrirspurnum. Leitað yrði til háskólakennara um að stýra málstofum og fengnir ritara í hverja þeirra. Gert er ráð fyrir því að vinnustofur verði haldnar úti í skólum (leik-, grunn- og framhaldsskólum) og fengnir einstaklingar til að stýra þeim. Svanhildur greindi frá því að hún hefði rætt við Sæmundarskóla þar sem áhugaverð vinna hefði átt sér stað í skólaþróun. Menntaskólinn við Sund hefði unnið athyglisvert starf í starfendarannsókn sem lið í starfsþróun. Það sama hefðu leikskólarnir Brákarborg og Sæborg gert og leitað yrði til þeirra. Álfstanesskóli hefði unnið starfsþróunarverkefni í tengslum við verkefnið Uppeldi til ábyrgðar og væri skólinn reiðubúinn til að taka á móti ráðstefnugestum og kynni viðfangsefni sitt. Í Laugarlækjarskóla verður kynning á Biophyllu og þá hefðu Laugarlækjarskóli og Seljaskóli unnið að starfsþróunarverkefnum í tengslum við Byrjendalæsi. Jón Torfi benti á að þegar fyrir lægi hverjir skráðu sig á ráðstefnuna mætti leita til erlendra þátttakenda um að vera með eitthvert framlag á einstaka málstofu og leist fundarmönnum vel á það. Gert er ráð fyrir að fyrirlestrar á ráðstefnunni verði teknir upp og gerðir aðgengilegir á vef. Samþykkt var að ráðstefnugjald yrði innheimt á eftirfarandi hátt:

| | Skráning fyrir 20. maí | Skráning eftir 20. maí |
|-----------------|------------------------|------------------------|
| Íslendingar | Kr. 25.000 | Kr. 35.000 |
| Erlendir aðilar | Kr. 35.000 | Kr. 45.000 |

1. Starfsauglýsing og umsóknir:

Sigurjón gerði grein fyrir stöðu ráðningar starfsmanns. Málið hefði legið á borði skrifstofustjóra en nú er fengin heimild til að leita til ráðningarskrifstofu til að vinna úr umsóknum með Sigurjóni og Björgu Bjarnadóttur. Kvaðst Sigurjón vonast til að hægt verði að ganga frá ráðningunni mjög fljótt.

3. Greining á fjármögnun starfsþróunar kennara

Sigurjón greindi frá því að ekki hefði verið gengið frá samningi við RHA um kortlagningu á sjóðakerfi starfsþróunar kennara en hann hefði nú fengið heimild ráðuneytis til að ganga frá honum og skrifa undir. Vinnan er þó langt komin og má vænta þess að niðurstaða berist stýrihópi innan skamms.

4. Önnur mál:

Jón Torfi kvað mikilvægt að nota ráðstefnurnar bæði vorráðstefnuna á Akureyri og norrænu ráðstefnuna í haust til að keyra upp mikilvægi starfsþróunar kennara svo stjórnvöldum yrði ljóst hversu miklu máli hún skipti fyrir alla þróun skólastarfs.

Gunnar Gíslason tók undir með Jóni Torfa og lagði til að boðað yrði til fundar fagráðs með mennta- og menningarmálaráðherra og starfsmönnum ráðuneytis til að ræða um starfsþróun kennara. Tekið var vel í tillögu Gunnars og ákveðið að boða til fundar í fagráði eftir páska þar sem leitað yrði eftir þátttöku mennta- og menningarmálaráðherra.

Björg Bjarnadóttir greindi frá því að þetta yrði síðasti fundur sem hún sæti í stýrihópi sem fulltrúi Kennarasambands Íslands. Þakkaði hún nefndarmönnum samstarfið og kvaðst vænta mikils af starfi fagráðs. Björgu voru færðar einlægar þakkir fyrir frábært samstarf og starf í þágu fagráðs.

Ákveðið var að næsti reglulegi fundur stýrihóps yrði þriðjudaginn 8. apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Trausti Þorsteinsson